



### Dagskrá 8. fundur stjórnar SSA 23. febrúar 2015.

Fundurinn hófst með hádegisverði á Gistihúsinu á Egilsstöðum en var svo framhaldið í húsakynnum Austurbrúar að Tjarnarlöndum 39e. Mætt voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gauti Jóhannesson og Hákon Hansson. Í fjarfundi voru Stefán Grímur Rafnsson og Jón Björn Hákonarson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

#### 1. Fundargerðir

1. Fundargerð síðasta fundar stjórnar lögð fram til staðfestingar. Sérstaklega rætt um bókun frá síðasta fundi um menningarráð, framkvæmdaráði falið að taka málið áfram í samráði við verkefnisstjóra. Fundargerð samgöngunefndar SSA til kynningar og samþykkis. Stjórn SSA felur formanni SSA og verkefnisstjóra að fara á fund ráðherra, vegamálastjóra og samgönguráði í Reykjavík í 10. viku. Formaður SSA mun hafa samráð við formann samgöngunefndar um efni fundanna. Stjórn SSA telur að ekki verði farið í frekari þróun almenningsamgangna á Austurlandi fyrr en ljóst er hver þróun Sternu-málsins verður. Verkefnisstjóra falið að hraða málinu eftir föngum svo hægt verði að fara í heildarendurskoðun kerfisins.
2. Fundargerðir frá Starfsendurhæfingu Austurlands, Eybingi og Stýrineti Stjórnarráðsins um byggðamál til kynningar.
3. Fundur um breytta tilhögun á fyrirkomulagi við samningsgerð Ferðamálastofu vegna svæðisbundins samstarfs á sviði ferðamála í gegnum markaðsstofur, ferðamálasamtök og upplýsingamiðstöðvar landshlutanna. Formanni SSA og verkefnisstjóra falið að mæta til fundarins.

#### 2. Samningur um sóknaráætlun 2015-2019

1. Skipting fjármagns sem Austurland fær úthlutað. Staðfest samkvæmt framlögðu minnisblaði með breytingum. Verkefnisstjóra falið að senda þau til staðfestingar hjá stýrineti Stjórnarráðsins um byggðamál.
2. Skipan úthlutunarnefndar og fagráða. Staðfest samkvæmt framlögðu minnisblaði með breytingum. Verkefnisstjóra falið að senda þau til staðfestingar hjá stýrineti Stjórnarráðsins um byggðamál.
3. Drög að úthlutunarreglum, matsblaði og umsóknareyðublaði. Inn á fundinn komu Signý Ormarsdóttir og Páll Baldursson sem fulltrúar starfshóps um gerð úthlutunarreglna. Verkefnisstjóra falið að gera lokabreytingar á gögnunum ásamt samstarfshópi og senda þau til staðfestingar hjá stýrineti Stjórnarráðsins um byggðamál.

4. Fyrsta úthlutun Uppbyggingarsjóðs. Stjórn SSA leggur ríka áherslu á að auglýst verði eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð eigi síðar en í aprílbyrjun og að úthlutun geti farið fram í maí.

**3. Minningarsjóður Ragnildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar**

1. Endurskoðaðir reikningar. Stjórn SSA samþykkti og áritaði reikningana.
2. Úthlutun úr sjóðnum. Stjórn SSA ákvað að ekki yrði úthlutað úr sjóðnum á árinu 2015.

**4. Önnur mál**

1. Óskir um umsagnir. Verkefnisstjóra og formanni falið að klára þær umsagnir um frumvörp sem rædd voru á fundinum.
2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna laga um gjaldtöku fyrir vatnsþjónustu. Stjórn SSA tekur undir umsögn SÍS.

Fundi slitið kl. 16.30